

Fundargerð 926. fundar

stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2023, miðvikudaginn 17. maí kl. 17:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Heiða Björg Hilmisdóttir, Einar Brandsson, Einar Þorsteinsson, Freyr Antonsson, Guðmundur Ari Sigurjónsson, Hildur Björnsdóttir, Margrét Ólöf A. Sanders, Nanný Anna Guðmundsdóttir, Rósa Guðbjartsdóttir, Walter Fannar Kristjánsson og Sunna Hlín Jóhannesdóttir.

Að auki sátu fundinn Arnar Þór Sævarsson framkvæmdastjóri og sviðsstjórnarnir Inga Rún Ólafsdóttir, Valgerður Rún Benediktsdóttir og Valur Rafn Halldórsson sviðsstjóri, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. **Kjarasamningur við Eflingu - 2301032SA**

Inga Rún Ólafsdóttir sviðsstjóri kjarasviðs, Helgi Aðalsteinsson og Ellisif Tinna Víðisdóttir sérfræðingar á kjarasviði gerðu grein fyrir drögum að kjarasamningi við Eflingu.

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga samþykkir samhljóða þær tillögur sem starfsfólk kjarasviðs gerði grein fyrir á fundinum.

Fundi var slitið kl. 17:30